

Sannleikurinn er sagna bestur í skólum. Sannreyndin

Stjórnvöld á Íslandi seilast æ lengra til valda yfir hugum barna og ungmenna með smáatriðalöggjöf um tilhögun skólastarfs og ákvörðunum um námsefni. Eins og foreldrar vafalaust hafa orðið varir við hefur landsins börnum m.a. verið kennt að vera á varðbergi gegn körlum og feðrum sérstaklega.

Aðsópsmiklar lögreglukonur hafa ekið skóla á milli og kennt þessa sérstöku námsgrein. Félagar úr áhugamannasamtökum um ofbeldishneigð karla hafa lagt lögreglunni lið. Kennarar úr þeirra röðum hafa t.d. kennt, að feður megi ekki skipta um bleyju á stúlkubörnum sínum, efir þriggja ára aldur, því þá sé viðbúið, að hvötin til kynofbeldis verði ekki hamin lengur. Þessi grein er angi kynjafræðinnar (gender studies), þ.e. fræðin um eittraða karlmennsku.

Fræðin um „fljótandi kynskilning“ er einnig mikilvægur þáttur kynjafræðinnar. Katrín okkar allra hefur látið semja lærðar kvenfrelsunarálitsgerðir um nauðsyn þess að efnið yrði sett á námsskrá leik- og grunnskóla. Dóttursyni mínum var t.d. kennt um mannverur, sem væru strákar að utan, en stelpur að innanverðu.

Þessi kennsla er vitaskuld að foreldrum forspurðum. Reyndar er það svo, að ríkisvaldið ýtir foreldrum sífellt lengra yfir hliðarlínu. Stofnanir eins og lögregla, barnaverndaryfirvöld og skóli eiga að taka við uppeldishlutverkinu af foreldrum – meira að segja einstæðum mæðrum, sem venjulega kunna uppeldi feðrum fremur, ef marka má löggæslu og dómstóla. Í framsæknum, barnvænum sveitarfélögum eins og Kópavogi, fá börn nú beina tengingu við barnaverndaryfirvöld.

Þróunin virðist svipuð á Vesturlöndum, m.a. með skírskotun til sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi og vernd barna – og endurspeglun hans í löggjöfinni. Oft og tíðum eru þess háttar sáttmálar og löggjöf yfirvarp íhlutunar ríkisvaldsins.

Hliðstæð þróun sést á alþjóðavettvangi. Hún er sérstaklega áberandi í starfi ýmis konar mannvinnastofnana (non-governmental organizations) og stofnana á vegum Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega „Kvenfrelsunarstofnunar“ (UN Women) og „Barnahjálparstofnunar“ (UNICEF). Þar ber hátt áróðurinn fyrir verndun og menntun kvenna og stúlkna.

Bandaríki Norður-Ameríku vísa veginn eins og oft áður. Þar er unnið að því hörðum höndum að frelsa börn úr greipum foreldra sinna. Jósef nokkrum Biden, núverandi forsetia í landi hinna frjálsu, Hróa hetti Úkraínu, er frelsið hjartfólgið. Því vill hann, að börn á grunnskólaaldri fái sjálf að ráða því (að undirlagi sérfræðinga), hvaða lyf þau

innbyrða og hvers kyns þau séu. Þeim verður einnig heimilt að taka ákvörðun um kynskipti upp á eigin spýtur.

Voldug samtök kennara í BNA (The American Federation of Teachers), þau næst stærstu, hafa um árábil kennt nemendum sínum kynjafræði kvenfrelsaranna. En nú óttast þau fréttaglundoðann í samfélaginu. Góð ráð eru dýr eins og endranær. En hamingjusamlega er ljós í myrkrinu.

Það er sannreynðarfyrirtæki lyfjaiðnaðarins (fact checker), „Fréttavaktin“ (NewsGuard), sem kemur upplýsingahreiddum kennurum til bjargar. (Þetta fyrirtæki er eitt af mörgum, sem hafa það verkefni að matreiða upplýsingar í tættan almúgann. Þau eru undartekningarlítið á vegum auðjöfra eða stjórnvalda, sem oft og tíðum eru handgengin þeim.)

Randi Weingarten, formaður kennarasamtakanna, sagði Fréttavaktina „lýsandi vita skírleikans, sem lýsti upp myrkraveröld veraldarvefsins.“ Hún sagði enn fremur:

„Óvilhallar fréttir, byggðar á ríkulegum heimildum, er aðalsmerki góðrar fréttamennsku. Hún veitir þegnunum innsýn í gangverk veraldarinnar. Því miður er þetta fjórða grundvallarvald [samfélagsins] í hættu vegna eitraðra hvirfilvinda [frétta]sorps. Fréttavaktin minnir oss á mikilvægi sjálfstæðra fjölmiðla, sem nemendur geta lagt traust sitt á, [þegar] þeir mynda sér eigin skoðanir og viðhorf, svo þeir megi taka þátt sem virkir þegnar í lýðræðissamfélagi.“

Kennarar í þessum samtökum eru reyndar svo upplýstir og svo virkir þegnar í lýðræðissamfélaginu, að þeir hafa barist fyrir því með oddi og eggju, að nemendur þeirra yrðu bólusettir með erfðabóluefnum og gengju svo með grímu.

https://childrenshealthdefense.org/defender/big-pharma-newsguard-fact-checking-schools/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=cf7e950c-f8c5-4b6f-a297-3df709818651